

Tónmennt

1.-4. bekkur

Tónmenntarkennsla í 1.-4. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá .

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Námsmat Hörðuvallaskóla fer fram jafnt og þétt á námstíma nemenda og er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Í Hörðuvallaskóla eru allir þættir námsins metnir miðað við hæfniviðmið Aðalnámskrár. Lögð er áhersla á að hafa matsaðferðir fjölbreyttar og að þær hæfi þeim viðfangsefnum sem verið er að meta. Eins eru þau verkefni sem valin eru til mats fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun.

Námsmat skiptist í leiðsagnarmat og lokamat. Símat, sjálfsmat og jafningjamat eru einnig vinnubrögð í námsmati sem geta flokkast undir leiðsagnarmat eða lokamat eftir því hvernig unnið er úr því.

Námsmat grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla og er birt á hæfnikorti nemenda á Mentor þar sem fylgjast má með framvindu náms nemenda. Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að sýna fram á hæfni sína eins og aðalnámskrá kveður á um.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 10. bekkjar.

Tónmennt

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni	Mat
<p>Nemandi getur: Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun. Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna. Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri. Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt. Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög). Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.</p>	<p>Læra laglínu á sílafóna Samsöngur, læra texta Hlustun Samspil með öðrum hljóðfærum Búa til eigið tónverk</p>	<p>Verkleg kennsla og æfingar. Sýnikennsla, lítil atriði kennd í einu og nemendur gera eins. Innlögn. Samvinna.</p>	<p>Söngtextar. Nótur. Youtube og annað efni af veraldarvefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat. Skil á verkefnum. Símat.</p>